
Fyrirhuguð breyting á veglínu Þeistareykjavegar syðri, Þingeyjarsveit Ákvörðun um matsskyldu


NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á veglínu Þeistareykjavegar syðri sé ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Framkvæmdin kallar ekki á breytingu á Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 eða Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 en gera þarf breytingu á gildandi deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júlí 2014.



Skipulagsstofnun

20. júní 2014

INNGANGUR

Þann 20. maí 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um fyrirhugaðar breytingar á veglínu Þeistareykjavegar syðri í Þingeyjarsveit, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Þingeyjarsveitar, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Þingeyjarsveit með tölvubréfi dags. 5. júní 2014, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 3. júní 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. júní 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. júní 2014. Frekari upplýsingar bárust frá Landsvirkjun með bréfi dags. 13. júní 2014.

FORSAGA MÁLSINS

Forsaga málsins er sú að í október 2011 fékk Skipulagsstofnun fyrirspurn frá Landsneti um túlkun á umfjöllun um vegagerð í áliti Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, dags. 24. nóvember 2010. Í álitinu segir m.a.: „*Komi til þess að ráðist verði síðar í vegagerðina mun þurfa að meta umhverfisáhrif hennar á grundvelli tölulíðar 10 ii í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem m.a. þarf að gera grein fyrir fornminjum og endurheimt gróðurlendis til móts við það sem spillist vegna vegarins.*” Benti Landsnet á að umhverfisáhrif vegagerðar frá Kísilvegi að Þeistareykjum hafi verið metin með háspennulínunum. Skipulagsstofnun benti á í svari sínu að í matsskýrslu hafi Landsnet lagt mikla áherslu á að vegurinn yrði ekki á forræði fyrirtækisins, ef hann yrði á annað borð lagður, ekki væri ljóst hvernig uppbyggingu vegarins yrði háttað eða hvernig hann yrði nýttur. Loks hafi komið fram í matsskýrslu að umfjöllun Landsnets um hugsanlegan veg hafi stuðst við frumdrög Vegagerðarinnar um veggönnun. Taldi Skipulagsstofnun að þessi framsetning Landsnets hafi skapað óvissu um að vegagerðin yrði með þeim hætti sem lýst var í matsskýrslu og því ætti að meta umhverfisáhrif vegarins ef að því kæmi að hann yrði byggður. Í meðferð fyrirspurnar Landsnets árið 2011 kom í ljós að Þeistareykir ehf. (nú Landsvirkjun) myndi leggja veginn og hafði fengið Vegagerðina til að endurskoða frumhönnun hans. Frekara samráð var haft við Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) og Landgræðslu ríkisins um útfærslu vegarins og niðurstaðan sú að Þeistareykir ehf. myndu færa veginn í samræmi við ráðgjöf Fornleifaverndar ríkisins og gróðurlendi yrði endurheimt í samráði við Landgræðslu ríkisins. Í bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 12. apríl 2012 kemur fram að stofnunin telji að óvissa um möguleg umhverfisáhrif vegagerðarinnar, sem fjallað hafi verið um í áliti stofnunarinnar á sínum tíma, væri ekki lengur til staðar. Því væru ekki forsendur fyrir því að meta enn frekar umhverfisáhrif Þeistareykjavegar syðri frá Kísilvegi að Þeistareykjum.

Vegagerðin sendi Skipulagsstofnun erindi f.h. Þeistareykja ehf. í janúar 2013 þar sem lögð var fram tillaga að breyttri veglínu Þeistareykjavegar syðri á um 9,6 km löngum kafla og óskaði eftir því að stofnunin skæri úr um hvort breytingin kallaði á nýtt mat á umhverfisáhrifum. Breyting þessi var unnin að ósk sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar vegna beiðni sauðfjárbænda sem nýta landið til beitar og myndi nýr vegur verða utan beitolands og auknir möguleikar skapast á uppgræðslu umhverfis hann auk þess sem sauðfé myndi ekki stafa sama hætta og ónæði af vegi á nýjum stað þó að hann yrði uppbyggður og fjölfarin eins hinn vegurinn. Gamli Þeistareykjavegurinn frá Kísilvegi myndi nýtast með þessu móti sem línuvegur meðan á uppbyggingu raflínu stendur. Einnig nýttist hann sem rekstrarleið og reiðleið. Sveitarstjórn taldi að minna jarðrask yrði af þessari legu vegar með ofangreindri nýtingu gamla vegarins, en að byggja upp nýjan veg nánast í vegstæði þess gamla og leggja síðan nýja rekstrarleið og reiðleið um ósnortið land.

Skipulagsstofnun benti hins vegar á að veglínan, sem fjallað var um í áliti stofnunarinnar, fylgdi vel fyrirhugaðri legu háspennulínanna þannig að slóðar frá honum að háspennumöstrum væru umfangsminni en ella og umhverfisáhrif framkvæmdanna í heild takmarkaðri en ef vegurinn yrði lagður óháður línuframkvæmdunum. Skipulagsstofnun taldi að tillaga Vegagerðarinnar um færslu á

Þeistareykjavegi syðri viki í veigamiklum atriðum frá þessu sjónarmiði og áður nefnt mat á umhverfisáhrifum vegarins fjallaði um. Óvissa væri t.d. um hvaða áhrif vegagerðin myndi hafa á hraun og einnig væri líklegt að umfang slóða frá vegi að línustæði, vegna meiri fjarlægðar, yrði annað og meira en gert hafi verið ráð fyrir. Því þyrfti að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13a í 2. viðauka laganna.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé lagning um 17 km vegar frá Þeistareykjum að Kísilvegi á Hólasandi og að vegurinn sé framhald Þeistareykjavegar frá Húsavík að Þeistareykjum. Gert sé ráð fyrir að vegurinn verði uppbyggður heilsársvegur með umferðarhraða allt að 90 km/klst, hannaður í samræmi við veghönnunarstaðla Vegagerðarinnar og vegtegund C7. Gert sé ráð fyrir að fullgerður verði vegurinn 7,0 m breiður með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi. og að öryggissvæði verði skilgreind 7,0 m út frá akbrautarbrún beggja vegna. Fram kemur að til umfjöllunar í tilkynningu þessari sé tillaga að færslu veglínunnar, samanber umfjöllun hér að framan, sem sé hluti ofangreinds vegar á milli Þeistareykja og Kísilvegar, nánar tiltekið frá stöð 30.400 vestan Bæjarfjalls að stöð 37.000 suðvestan Kvíhólafjalla, þ.e. 6,6 km vegakafli. Á þeim kafla, sem breytingartillagan nái til, verði nýi vegurinn færður fjær orkuflutningslínunum en að gamli Þeistareykjavegurinn að Kísilvegi muni nýtast sem línuvegur og frá honum verði stutt að öllum möstrum línunnar. Framkvæmdin verði í samráði við Vegagerðina en á vegum Landsvirkjunar sem verði eigandi og veghaldari á meðan uppbygging Þeistareykjavirkjunar standi yfir.

Fram kemur að heildarefnismagn í veginn allan óbreyttan frá Þeistareykjum um Hólasand að Kísilvegi hafi verið áætlað rúmlega 490.000 m³. Efnismagn í burðarlög og slitlag verði það sama vegna fyrirhugaðra breytinga en fyllingarmagn í veginn eftir breytingu líklega aðeins minna en áður hafði verið áætlað og efnistakan því svipuð eða heldur minni.

Fram kemur að Landsnet hafi kannað nokkra kosti á breyttu línustæði á ofangreindu svæði og hafi þeir verið bornir saman í tölvulíkani og á vettvangi. Niðurstaðan hafi verið sú að ekki væri sérstakur ávinningur af því að færa línuna nær nýju vegstæði og sé því gert ráð fyrir óbreyttri legu línunnar frá fyrri áætlunum.

Umhverfisáhrif. Fram kemur að breytt veglína verði innan skilgreindra landslagsheilda, skv. mati á áhrifum háspennulína frá árinu 2010, þar sem gildi landslags sé metið frekar lágt eða miðlungs út frá þeim forsendum, sem miðað sé við í greiningunni.

Hvað varðar áhrif á gróðurfar þá eru engar plöntur á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem vaxa í vegstæði Þeistareykjavegar syðri. Fram kemur að nýja veglína sé í jaðri og að litlum hluta vestan marka gróðurkorta í skýrslu NÍ. Svæðið sem vegurinn fari um sé, skv. vettvangsskoðun og loftmyndum, tiltölulega einsleitt þannig að óhætt ætti að vera að draga ályktanir út frá fyrirbyggjandi gögnum. Fram kemur að veglína verði færð af vel grónu landi inn á uppgræðslusvæði á sandorpnu hrauni og þannig geti færslan verið talin jákvæð út frá áhrifum á gróðurfar og m.t.t. beitarsjónarmiða. Fram kemur að við frágang vegsvæðis sé stefnt að því að landið (þ.m.t. gróður og landyfirborð) verði sem fyrst líkast því sem það hafi verið áður en framkvæmdir hófust og að ýtt verði undir eðlilega gróðurframvindu á röskuðum svæðum.

Varðandi áhrif á fugla þá kemur fram að þær mófuglategundir sem um sé að ræða séu allar algengar bæði á landsvísu og í héraðinu. Þéttleiki þeirra á umræddu svæði sé lítill og því ekki talið að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi teljandi áhrif á þær.

Fram kemur að breytt veglína liggi um hverfisverndarsvæði skv. svæðisskipulagi og deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar. Hverfisvernd nái yfir helstu sprungur og misgengi og séu nokkrar sprungur greinilegar á yfirborði á umræddum vegköflum. Fram kemur að frumhönnun taki mið af staðháttum

Þannig að eftir megni verði sneitt hjá raski á opnum sprungum og veglína valin m.t.t. öryggis og hagkvæmni að því leyti. Fram kemur að eldhraun njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum en með breytingunni verði hluti vegarins á lengri kafla en gert hafi verið ráð fyrir í fyrra mati á lítt grónu, sandorpnu hrauni innan landgræðslugirðingar.

Fram kemur að samkvæmt fornleifaskráningu séu nokkrir skráðir minjastaðir á því svæði sem hér sé um að ræða. Við hönnun nýrrar veglínu hafi verið tekið tillit til nálæggra minjastaða til þess að komast hjá röskun þeirra og séu þeir fjær skráðum fornleifum en sú veglína sem hafi verið fyrirhuguð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Þingeyjarsveitar, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að á að nýta ætti mannvirki sem fyrir eru ef þess er nokkur kostur og draga með þeim hætti úr umfangi mannvirkjagerðar. Umhverfisstofnun telur að gera hefði mátt ítarlegri grein fyrir nauðsyn þess að færa veglínu Þeistareykjavegar og hafa tvo vegi á þeim rúmlega 6 km kafla sem fyrirhugað sé að breyta.

Í svörum Landsvirkjunar er bent á að fjallað sé um rökstuðning fyrir breytingunni í tilkynningu en tilefni hennar sé ósk sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar vegna beiðni sauðfjárbænda sem nýti landið til beitar. Fram kemur að núverandi vegslóði sé ekki sams konar mannvirki og fyrirhugaður vegur og geti ekki nýst á sama hátt. Því verði varla sagt að um tvo vegi verði að ræða á svæðinu þar sem önnur leiðin sé úppbyggður vegslóði, lítt áberandi nema í nálægð. Sá þáttur samþættingar mannvirkja, sem vikið sé frá og skipti meira máli, sé fjarlægð nýs vegar frá háspennulínunum. Eins og komi fram í tilkynningu muni gamli vegslóðinn nýtast sem línuvegur á þeim kafla þannig að slóðagerð að háspennumöstrum verði ekki meiri en að óbreyttu. Auk þess muni gamli slóðinn nýtast sem samfelld rekstrar- og reiðleið.

Í umsögn Landgræðslunnar er bent á að fyrirhugaðar vegur muni liggja um landgræðslusvæði þar sem sáð hafi verið í land og plantað. Einnig muni vegurinn liggja á einhverjum hluta yfir gróið land. Þann gróður sem þannig tapist þurfi að bæta og telur Landgræðslan að gróið land þurfi að bæta með uppgræðslu á þreföldu því flatarmáli sem tapist en uppgræðslusvæði og minna gróið land með tvöföldu flatarmáli.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að stefnt sé að endurheimt gróðurlendis í samráði við Landgræðslu ríkisins eins og komi fram í tilkynningu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á veglínu Þeistareykjavegar syðri frá Þeistareykjum að Kísilvegi á um 6,6 km kafla, miðað við það sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík frá árinu 2010. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrir liggur að tilefni breytingar á legu vegarins eru óskir sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar vegna beiðni sauðfjárbænda sem nýta landið til beitar, en ný staðsetning hans á umræddum rúmlega 6 km kafla, verður utan beitarlanda. Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrri veglína fylgdi vel núverandi vegi og fyrirhugaðri legu háspennulína. Með færslu hans liggur vegurinn í milli 50-400 m fjarlægð frá núverandi vegi og mun því óhjákvæmilega stækka það svæði á ofangreindum kafla sem verður lagt undir mannvirki, þó að gert sé ráð fyrir að nýta núverandi veg sem línuveg og leggja línuslóða frá honum. Skipulagsstofnun telur því að neikvæð sjónræn áhrif mannvirkja verði nokkru meiri á umræddu svæði en hefði orðið við fyrri útfærslu. Þá er ljóst að fyrirhugað vegstæði hefur neikvæðari áhrif á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, þar sem rask

verður á eldhrauni á stærri kafla frá Kísilvegi að Þeistareykjum heldur en gert var ráð fyrir miðað við fyrri legu vegarins. Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróður verði ekki veruleg m.a. þar sem gert er ráð fyrir endurheimt raskaðs gróðurlendis í samráði við Landgræðslu ríkisins.


Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á veglínu Þeistareykjavegar syðri í Þingeyjarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Framkvæmdin kallar ekki á breytingu á Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 eða Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 en gera þarf breytingu á gildandi deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júlí 2014.

Rut Kristinsdóttir



Jakob Gunnarsson

Skipulagsstofnun